

**49. fundur hverfisnefndar Holta- og Hlíðarhverfis
haldinn í Glerárskóla 23.08.2011.**

Mættir: Berglind Rafnsdóttir, Brynja Sigurðardóttir, Valbjörg Fjólmundsdóttir, Óskar Ingi Sigurðsson og Helgi Stefánsson.

Fundarefni.

Berglind formaður fór yfir ýmis erindi sem borist hafa hverfisnefnd í sumarfrí og þá voru teknar ákvarðanir um ýmis mál.

Fundartími.

Ákveðið að halda sama fundartíma og síðastliðinn vetur, fyrsta þriðjudag í hverjum mánuði klukkan 18:00 í Glerárskóla.

Erindi til framkvæmdamiðstöðvar Akureyrarbæjar.

Erindið var sent 12. maí og svar barst 13. maí frá Helga Má Pálssyni um að málin yrðuð skoðuð og nefndin fengi síðan línu um lausnir þar sem það á við. Ítrekar hverfisnefndin beiðni sína hér með og mun ritari einnig senda póst á viðeigandi aðila.

Erindi varðandi framkvæmdir við Undirhlíð.

Hverfisnefnd ákvað að ítreka erindi til bæjarstjóra Akureyrar Eiríks Björns Björgvinssonar og formann skipulagsnefndar Helga Snæbjarnarsonar. Erindið var sent í tölvupósti þann 23. maí 2011 vegna framkvæmda SS byggingafyrirtækis við Undirhlíð. Finnst nemndarmönnum lítið hafa gerst í þeim málum og vilja úrlausnir áður en haustfrostið með sínu slabbi skellur á svæðið. Ætlar Berglind að hafa samband við viðeigandi aðila.

Tillaga um deiliskipulagsbreytingu við Undirhlíð – Miðholt, lóð fyrir spennistöð.

Berglind formaður sendi póst 28.06.2011 þar sem hverfisnefnd gerir engar athugasemdir.

Fura ehf.

Þann 09.07.2011 barst erindi barst frá Gunnari Þór Garðarssyni fyrir hönd Furu ehf. Þess efnis að hann vildi gjarnan fá hverfisnefnd Holta- og Hlíðarhverfis í heimsókn. Tilfnið var að hann vildi útskýra starfsemi þessa fyrirtækis og hvernig hún færi fram. Munu nefndarmenn óska eftir fundi nú þegar en ekki var það gert fyrir vegna sumarleyfa.

Hverfisnefnd dregur sig út úr hausthátíð Glerárskóla.

Allir mættir nefndarmenn voru sammála um að hverfisnefnd ætti að draga sig út úr hausthátíð Glerárskóla. Finnst nefndarmönnum sem þetta sé ekki réttur vettvangur fyrir nefndina. Var rætt um að efla frekar tengslin við alla hverfisíbúa.

Sláttur á almennum svæðum í hverfinu.

Nefndarmenn lýstu ánægju sinni yfir því hve vel hefur verið slegið á almennum svæðum í hverfinu í sumar. Nefndarmenn líta svo á að áhyggjuefni sé að ekkert sé gert til að hefta útbreiðslu skógarkerfilsins, það gerði lítið til þó að ein og ein planta væri á stangli. Þetta er hávaxin planta og leiðinleg yfirferðar og einsleit þar sem hún fær að leggja undir sig heilu svæðin.

Skreyting á undirgöng í hverfinu.

Hugmynd kom fram um að fá myndlistakennarann í Glerárskóla til að nota það sem verkefni í kennslunni að skreyta undirgöngin og öllum nefndarmönnum leist vel á það. Brynja samþykkti að athuga möguleika á því.

Athugun á hverfinu.

Nefndarmenn ætla á næsta fundi að koma með tillögur/myndir um hverfið, hvernig það verður útfært kemur í ljós.

Ekki fleira rætt að svo stöddu.

Næsti fundur hverfisnefndar verður 6. september 2011 kl. 18:00 í Glerárskóla.

Ritað 30. ágúst 2011

Brynja Sig.